

REGLUGERÐ

um sérstakt línu- og netasvæði suður af Reykjanesskaga.

1. gr.

Frá 22. nóvember til 31. desember 1986 að báðum dögum meðtöldum eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði suður af Reykjanesskaga, sem að austan markast af línu, sem dregin er frá Selvogsvita í punkt 63°30'0 N 21° 39'0 V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er frá punkti 63°30'0 N 21°39'0 V í punkt 63°40'0 N 22°32'0 V. Að vestan markast svæðið af línu, sem dregin er frá punkti 63°40'0 N 22°32'0 V réttvísandi norður að Staðarbergi.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. nóvember 1986.

F.h.r.

Árni Kolbeinsson.

Pórður Eyþórsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Bíldudals.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 6. nóvember 1986 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Bíldudals í Suðurfjarðahreppi, Vestur-Barðastrandar-sýslu.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 14. nóvember 1986.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólfríður Snæbjörnsdóttir.